

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Kennsluáætlun:

Vorönn 2019

Áfangi

TEVH2GH05

Markmið áfangans:

Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- læri um verkstæðisunna byggingahluta úr tré og útfærslur þeirra
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingahlutum
- geti rissað og teiknað einfalda glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- læri að gera efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga

Efnisatriði/kjarnahugtök:

Aðalskipulag, deiliskipulag, hönnunargögn, aðaluppdrættir, séruppdrættir, byggingauppdrættir, innréttingauppdrættir, deiliteikningar, deililausnir, sneiðingar, byggingareglugerð, íslenskir staðlar, Rb-blöð, verklýsingar, fagheiti, teiknitákn, gluggar, hurðir, innréttingar, skápar, tréstigar, stigahandrið.

Kennslugögn:

Stuðst verður við eftirfarandi gögn:

Byggingareglugerð, Rb-blöð, Sýnishorn teikninga af einbýlishúsi, Húsasmíði-timburhús e. Anders Fröstrup, Íslenskir staðlar, Aðgengi fyrir alla, ýmis teiknigögn o.fl.

Nemendur teikna verkefni í tölvum og er mælt með því að teikniforritið **AutoCad** sé notað en það er til staðar í tölvunum í kennslustofunni. Einnig má nota **Microstation PowerDraft CONNECT** eða önnur sambærileg teikniforrit sem nemendur verða þá að útvega sér sjálfir.

Þeir nemendur sem vilja teikna með teiknivélum þurfa að kaupa nauðsynleg teikniáhöld, s.s. 13 stk. A2 teikniblöð, möppu undir teikningar, mælikvarða, teikniblyanta (2H – 4H blýstyrkur) og línuveiðara.

Kennsluáætlun, verkefni áfangans, leiðbeiningar, ýtarefni og fl. verður aðgengilegt á síðu áfangans í Moodle (TEVHGH05). Einnig geta nemendur fengið afhent ljósrit af teikniverkefnunum í tímum ef þeir vilja.

Verkefnaskil:

Á önninni verða lögð fyrir **12 teikniverkefni** sem nemendur teikna í skólanum (og eftir atvikum heima í fartölvum), auk **annara heimaverkefna** sem þeir þurfa að skila. Nemandi skal fullklára hvert verkefni í senn og senda síðan til kennara í tölvupósti til yfirferðar á netfangið ingvar@fsu.is.

Ath! Það þarf að senda verkefni bæði á dwg-formi og pdf-formi.

Til að öðlast próftökurétt í lokaprófið verður nemandinn að hafa fullklárað öll verkefni með fullnægjandi hætti og kennari að hafa yfirfarið og samþykkt þau .

Námsmat áfangans:

Vægi lokaprófs er **30%** og vægi teikniverkefna/heimaverkefna er **70%**.

Nemandi getur sloppið við að taka lokaprófið og látið verkefni annarinnar hafa 100% vægi í lokaeinkunn áfangans ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði :

- skilar öllum verkefnum annarinnar tímanlega skv. yfirferðaráætlun, með fullnægjandi hætti skv. mati kennarans.
- mætir vel í kennslutímum og er virkur í þeim í verkefnavinnunni.

Lokaeinkunnin í áfanganum tekur þá mið af vetrareinkunninni sem er reiknuð út frá meðaleinkunninni fyrir öll verkefni annarinnar. Nemandi fær að vita í lok annarinnar hvort hann hefur öðlast rétt til að sleppa við að taka lokaprófið.

Nemandi sem þarf að taka lokapróf þarf að fá a.m.k. einkunnina 4,5 í prófinu til að standast áfangann sé vetrareinkunnin 4,5 eða hærri.

Vetrareinkunnin reiknast inn í lokaeinkunn nemandans samkvæmt uppgefnum vægisþáttum. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn hans upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófinu.

Verkefni og áætlun um yfirferð á önninni:

Vika	Nr.	Teikniverkefni:
2	1	Kynning á AutoCad, Gluggastykki (sneiðingar) – mælikvarðar.
3	4	Gluggi með opnanlegu fagi - útlit.
4-5	2	Gluggi með opnanlegu fagi - sneiðingar/útlit/samsetning á opnanlegu fagi.
6	3	Innihurð - útlit/samsetning á ramma/sneiðingar.
7	5	Útihurð 1 - útlit/sneiðingar.
8-9	6	Útihurð 2 - útlit/sneiðingar.
10-11	7	Svalahurð - útlit/sneiðingar.
12	8	Snúinn tréstigi - lárétt mynd/lóðrétt mynd/hliðarmynd/prepadeilir.
13	9	Eldhúsinnrétting - útlit/sneiðingar/deiliteikningar.
14	10	Rennihurð – útlit/sneiðingar.
15	11	Fataskápur – útlit/sneiðingar.
17	12	Hæðarmæling/kótar - upprifjun, önnur verkefni kláruð.
18		Teikniverkefni og önnur verkefni kláruð, ef ólokið. Önnur verkefni verða eins og teikniverkefni aðgengileg í Moodle.

Vandvirkni: Sérstök áhersla er lögð á vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð nemanda við frágang teikninga og ræðst vetrareinkunnin m.a. af þessum atriðum.

Athugasemdir:

Mikilvægt er að nemendi haldi sig við yfirferðaráætlunina því vinnuhraðinn hefur áhrif á vetrareinkunnina í áfanganum.

Nemendi (20 ára eða eldri) sem hyggst vera utanskóla í áfanganum þarf að ræða við kennara áfangans í upphafi annarinnar (skv. reglum skólans) og gera við hann formlegan samning um mætingu og verkefnaskil og annað er kennari telur að skipti máli. Standi nemandinn ekki við samninginn getur hann átt á hættu að detta út úr áfanganum.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.